

Gangnaseðill 2025

Fjallskilanefnd Skagabyggðar hefur ákveðið að hinar venjulegu haustgöngur skuli fara fram haustið 2025 eftir því sem greinir í gangnaseðli þessum.

Laugardaginn 4. október fari fram eftirleit á öllum svæðum. Verði slæmt leitarveður þessa daga verði smalað næsta leitarfæran dag þar á eftir. Í fyrri göngum skal smalað sauðfé úr afrétt og heimalöndum eftir venju en í síðari göngum bæði sauðfé og hrossum.

Sauðfé verður réttað í Skrapatungurétt sunnudaginn 7. september kl. 9:00. Síðari rétt verður sunnudaginn 14. september, sundurdráttur á fé hefst kl. 9:00 og hross verða rekin inn kl. 11:00.

Fyrri Kjarlarlandsrétt verður laugardaginn 6. september og síðari laugardaginn 13. september. Réttarstjóri í Kjarlarlandsrétt verður Magnús Guðmannsson.

Eftirfarandi svæði verða smöluð þessa daga:

Fyrri göngur fari fram laugardaginn 6. september.

Síðari göngur fari fram föstudaginn 12. september.

Núps-, Mánaskálar-, Balaskarðs-, og Skrapatungulönd, Mjóidalur og Urðir verði smöluð af eftirtöldum mönnum og fénaði komið til Skrapatunguréttar:

	Fyrri göngur	Seinni göngur	Eftirleit
Magnús Syðra-Hóli	6	6	2
Kolbrún Mánaskál	3	3	1

Gangnastjóri verður Magnús Björnsson.

Hvammshlíðarland og Læki smali eftirtaldir menn og komi fénaði til Skrapatunguréttar:

	Fyrri göngur	Seinni göngur
Karólína Hvammshlíð	3	1
Magnús Syðra-Hóli	1	
Stefán Stefánsson	1	1
Jóhann Kambakoti		2
Signý Sævarsdóttir	1	

Gangnastjóri verður Karólína í Hvammshlíð

Föstudaginn 5. september smali eftirtaldir menn Njálstaðaland, Sléttárdal, Núpa og komi fénu til Kjarlarlandsréttar:

Daníel Syðri Ey 3 menn
Björn Ytra Hóli 1 maður
Magnús Syðra-Hóli 1 maður

Gangnastjóri verður Daníel Magnússon

Fyrri göngur fari fram laugardaginn 6. september.
Síðari göngur fari fram laugardaginn 13. september.

Eftirtaldir menn smali fé frá Pokafelli um Vaglabungur og svæðið milli Norðurár og Hallár og reki fénað að Kjalarlandsrétt.

Fé úr Norðurárdal smalist í hólfi við Neðstabæ. Síðan verður fé úr Dynfjalli og Núpum rekið niður á veg hjá Ytra-Hóli og komið til Kjalarlandsréttar.

	Fyrri göngur	Seinni göngur	Eftirleit
Daníel Syðri-Ey	5	5	3
Stefán Ytri-Ey			1
Jóhann og Erla Kambakoti	4	3	2
Björn Ytra-Hóli 1	2	2	1

Gangnastjóri verður Daníel Magnússon

Björn á Ytra-Hóli hefur umsjón með að koma fé frá Ytra-Hóli til Kjalarlandsréttar.
Björn á Ytra-Hóli og Daníel á Syðri-Ey sjái um að koma fé úr hólfi við Neðstabæ til Skrapatunguréttar í samráði við fjallskilastjóra Blönduósbæjar.

Eftirtaldir menn smali frá Sandfelli norður um sýslumörk, að Þverfelli og svæðið milli Hrafnár og Hallár:

	Fyrri göngur	Seinni göngur	Eftirleit
Magnús Vindhæli	7	7	4
Þróstur Kjalarlandi	2	1	1
Stefán Ytri-Ey	1	1	
Jón Heiðar Skagaströnd	2	2	2
Hallgrímur Skagaströnd	2	2	

Gangnamenn frá Skagaströnd smali frá Greiðir austur á sýslumörk, suður Urðir og Tungufell, austan Hrafnár niður Hrafnadal að sunnan, að Kjalarlandsrétt.

Magnús Guðmannsson leggi til ökutæki á Hallárdal.
Gangnastjóri verður Magnús Guðmannsson.

Selnesrétt

Í fyrri og seinni Selnesrétt hirði fyrir Skagabyggð Steinn Rögnvaldsson Hrauni.

Fellsrétt

Í Fellsrétt hirði fyrir Skagabyggð Magnús Guðmannsson og komi því til Kjalarlandsréttar.

Fossárrétt

Í fyrri og seinni Fossárrétt hirði fyrir fjallskiladeild Vindhælinga Sigbór Hallgrímsson Skeggjastöðum.

Innansveitarfé sem finnst í eftirleit og við smölun heimalanda gangi til réttra umráðamanna. Fénaður sem ekki er úr fjallskiladeild Vindhælinga gangi til Skrapatunguréttar og honum verður síðan komið til réttra umráðamanna eftir fyrirmælum fjallskilastjóra.

Ætlast er til að umráðamenn landa hreinsi lönd sín af ókunnugum fénaði fyrir seinni réttir og fjárskil og komi þeim fénaði til eigenda eða réttar. Komi ókunnugur fénaður fyrir á öðrum tímum eiga umráðamenn landa að ráðstafa þeim fénaði í samráði við eigendur fjárins.

Fjárskil Vindhælinga fara fram mánudaginn 6. október í Skrapatungurétt kl 13:00.

Á fjárskil Enghlíðinga mæti Magnús Guðmannsson fyrir Skagabyggð.

Gangnaforingjar eru minntir á að gæta þess vandlega að sjúkar kindur séu einangraðar svo fljótt sem við verður komið. Skal fjallskilastjóri sjá um að þær verði skoðaðar af dýralækni sé talin þörf á því.

Gangnaforingjar hafi samráð um tímasetningar milli gangnaflokka svo fénaður renni ekki inn á smalað land.

Með vísan til 10. greinar fjallskilareglugerðar heimilar fjallskilastjórn smölun ógirtra heimalanda fyrir sitt leiti allt að 10 dögum fyrir göngur svo menn geti nýtt sér slátrun og til að létta á smalamennsku. Úrtíningur sem úr slíkum smölunum kemur, sem ekki er sóttur af eigendum, ellegar aftur á afrétt.

Með vísan til 17. greinar fjallskilareglugerðar verður innheimt 50% álag á fjallskil frá og með: Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann greiða samsvarandi kostnað, auk sektar, allt að helmingi af matsverði fjallskila, sbr. 44. grein laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986“.

Með vísan til 20. greinar fjallskilareglugerðar „Hafi búfjáreigandi engan hæfan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna hreppsnefnd eða fjallskilastjóra það skriflega fjórum dögum áður en fjallskilin eiga að vinnast, en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá búfjáreigandi allan kostnað, sem af fjallskilum leiðir, án tillits til mats á þeim“.

Að öðru leyti en hér greinir fer um skyldur og réttindi manna eftir fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 299/2009.

Fjallskilastjóri er Jón Helgi Sigurgeirsson.

Kind er 1 eining en hross er 2,5 einingar.

Gjald á einingu er 440 kr.

Gangnadagsverk er 12.000 kr.

Fjallskilanefnd fyrrum Skagabyggðar,
Skagabúð 6. ágúst 2025